

Reglur um meðferð fjármuna ófjárráða einstaklinga

Almenn atriði

Ákvarðanir um fjármál eru mikilvægur þáttur í lífi fólks óháð aldri. Meðfylgjandi reglur gilda um meðferð fjármuna ófjárráða einstaklinga en eru þó langt frá því að vera tæmandi.

Lögræði og lögráðamenn barna

Um lögræði er fjallað í lögræðislögum, nr. 71/1997. Einstaklingar verða lögráða 18 ára. Þá öðlast þeir bæði sjálfræði og fjárræði. Lögráðamenn eru foreldrar (kynforeldrar eða kjörforeldrar) sem hafa forsjá barns eða aðrir einstaklingar sem hefur verið falin forsjá barns samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 með formlegum samningi staðfestum af sýslumanni. Lögráðamenn fara með fjárhald barnsins fram að 18 ára aldri nema lög kveði á um annað. Við lögskilnað foreldra er tekin ákvörðun um hvort þeirra skuli fara með forsjá barna þeirra eða að þau skuli eftir sem áður fara sameiginlega með forsjá. Ákvörðun byggir á samningi foreldra staðfestum af sýslumanni eða úrskurði dómstóla.

Lög um fjármuni barna skiptist í þrjá megin flokka. Áhersla er lögð á hvernig fjármunanna er aflagð sem eru á reikningnum. Flokkarnir eru: Sjálfsaflafé, gjafafé (með eða án skilyrðum) og annað fé. Lög um stofnun reikninga, upplýsingagjöf og úttektarheimildir eru mismunandi eftir því um hvernig fé er að ræða og því þarf að byrja á að greina þá fjármuni sem lagðir verða inná þann reikning sem um ræðir.

Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi. Hlutverk þeirra felst m.a. í að hafa eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna. Samþykki yfirlögráðanda er áskilið til ýmissa ráðstafana sem varða fjármuni barna og verða hér nefnd nokkur dæmi (ekki er um tæmandi upptalningu að ræða):

- Eignir að verðmæti yfir 500.000 skulu varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns við yfirlögráðanda og getur yfirlögráðandi, telji hann ástæðu til, tekið í sína vörslu fjármuni hins ólögráða. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að ganga á eignir barna til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.
- Óheimilt er að setja fjármuni barna sem tryggingu fyrir skuldbindingu eða láta barn gangast í ábyrgð eða setja tryggingu fyrir þriðja aðila. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna barnsins.
- Óheimilt er að lána fé börnum. Þó getur yfirlögráðandi heimilað undantekningu við vissar aðstæður gegn tryggu veði í fasteign.
- Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda barn við kaup eða sölu ýmissa eigna, t.d. fasteigna og skráningarskyldra ökutækja. Sama gildir ef barni eru afhentar slíkar eignir án endurgjalds.

Komi til ágreinings um meðferð fjármuna barns má bera þann ágreining undir yfirlögráðanda.

Skylt er að fylgja fyrirmælum yfirlögráðanda varðandi fjármuni barns.

Ráðstöfun fjármuna barna

Lögráðamaður ræður yfir fjármunum ófjárráða einstaklings. Umráð lögráðamanns ná þó hvorki til eftirtalins fjár né vaxta og verðbóta af því:

- Þess fjár sem barnið hefur sjálft unnið sér inn (**sjálfsaflafé**)
- Þess fjár sem barninu hefur verið gefið án skilyrða (**gjafafé**)
- Þess fjár sem lögráðamaður hefur látið barnið hafa til ráðstöfunar eða vexti og verðbætur af því

Fjármunir barns skulu ávaxtaðir eins og best gerist á hverjum tíma. Lögráðamanni barns ber skylda til að fræða barnið og taka ákvarðanir varðandi fjárhag barnsins með hagsmuni þess að leiðarljósi. Við ráðstöfun fjármuna barns skal haft samráð við barnið eftir því sem kostur er miðað við þroska þess.

Lögráðamaður ber ábyrgð á þeim fjármunum barns sem hann hefur umráðarétt yfir samkvæmt lögræðislögum. Lögráðamaður skal ávallt halda fjármunum barns aðgreindum frá eigin fjármunum.

Misfari lögráðamaður með fé barns ber hann bótaábyrgð gagnvart barninu.

Innlánsreikningar barna

- Innlánsreikningur sem geymir fjármuni barns skal skráður á nafni barns
- Nafn lögráðamanns skal þó ávallt koma fram á umsókn um stofnun reiknings

Stofnun reikninga

- Yngri en 13 ára geta ekki stofnað bankareikning án samþykkis lögráðamanns
- Frá og með 13 ára aldri getur barnið sjálft stofnað innlánsreikning með sjálfsaflafé eða gjafafé sínu (ekki þörf á samþykki/undirskrift forráðamanns)
- Sé um að ræða annað fé en sjálfsaflafé eða gjafafé skal lögráðamaður undirrita umsókn um stofnun innlánsreiknings. Stofna skal sérstakan reikning fyrir slíkt fé, til aðgreiningar frá reikningum með sjálfsaflafé og gjafafé. Nafn lögráðamanns (kennitala) skal skráð sem aukanafn á reikninginn.
- Lögráðamaður, gefandi eða atvinnurekandi getur stofnað innlánsreikning á nafni barns sem er eldra en 12 ára en lögráðamaður skal undirrita umsóknina.
- Lögráðamenn skulu í öllum tilfellum framvísa persónuskilríkjum við stofnun reikninga fyrir börn.

Upplýsingagjöf

- Barnið og lögráðamaður þess hafa heimild til að fá upplýsingar um innlánsreikning barnsins að 18 ára aldri, hvort sem um sjálfsaflafé, gjafafé eða annað fé er að ræða. Vegna reglna um bankaleynd er ekki heimilt að gefa öðrum upplýsingar um innlánsreikninga ófjárráða. Þetta nær til þeirra sem hafa stofnað bankareikning á nafni barns, t.d. amma eða atvinnurekandi.

Úttektarheimildir

- Ef um sjálfsaflafé eða gjafafé er að ræða hefur barnið sjálft eitt úttektarheimild.
- Gefandi getur við stofnun innlánsreiknings barns sett fyrirmæli í umsókn um stofnun reikningsins um að einungis lögráðamaður eða lögráðamaður auk barns hafi úttektarheimild.
- Sé um að ræða annað fé hefur lögráðamaður einn úttektarheimild.

Breyting á forræði

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingu á forræði barns til banka eða sparisjóðs þar sem barnið er með reikning. Forræðisvottorð skal fylgja slíkum tilkynningum.